

mættir. Færa skal gerðarbók stjórnarfundar og skal ritari félagsins lesa fundargerð í lok hvers fundar og undirrita hana ásamt formanni, þegar hún hefur verið samþykkt.

9. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöldum til félagsins. Hún sér um viðhald og viðgerðir á vatnsbóli og aðalleiðslu vatnsveitu.

10. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta nema á aðalfundi með samþykki allra félagsmanna.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélagi Skammbeinsstaðabæja í Holtahreppi, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 7. febrúar 1966.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 41 24. apríl 1965, um komu, brottflug og yfirflug erlendra flugfara í millilandaflugi yfir íslenskt yfirráðasvæði.

1. gr.

1. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Fyrir loftför skráð í ríkjum, sem eru aðilar að Chicago-sáttmálanum, og æskja leyfis til loftferða samkvæmt 10. gr., skal senda umsókn til flugmálastjóra með sama fresti og um getur í 2. mgr. 9. gr.

Ef flogið er í sambandi við fjölferð (inclusive tour), að nokkru eða öllu leyti, skal senda umsókn til flugmálastjóra með a. m. k. 15 daga fyrirvara, ef um er að ræða eina ferð á sama almanaksári. Umsókn skal þó senda með a. m. k. 30 daga fyrirvara, ef um er að ræða fleiri ferðir en eina, sem sótt er um eða hafi sami aðali fengið sams konar leyfi áður á sama almanaksári.

2. gr.

Aftan við 11. gr. reglugerðarinnar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ráðherra getur, að fengnum tillögum flugmálastjóra, takmarkað eða bannað alveg leiguflug, einstakar ferðir eða um tilekinn tíma, á tilteknum flugleiðum, ef íslenskt flugfélag, er rekur áætlunarflug samkvæmt loftferðasamningi æskir þessa og færir rök fyrir, að slíkt leiguflug sé hættulegt hagsmunum sínum.

3. gr.

2. mgr. II. liðs 12. gr. reglugerðarinnar, um lágmarksverð fjölferða, falli niður.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um loftferðir, nr. 34 21. maí 1964, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 7. febrúar 1966.

Ingólfur Jónsson.

Gunnar Vagnsson.

9. febrúar 1966.

Nr. 37.

A R Ð S K R Á

fyrir Veiðifélag Kjósarhrepps.

Samkvæmt mati yfirmatsmanna hinn 26. okt. 1965.

Skipting arðs milli veiðisvæða:

Laxá:

I. veiðisvæði	48.04%
II. veiðisvæði	10.00%
III. veiðisvæði	17.20%

75.24%

Bugða	10.00%
Meðalfellsvatn	13.00%
Sandsá	1.00%
Flekkudalsá	0.76%

100.00%

Skipting arðs milli veiðieigenda:

Neðri-Háls	9.02%
Valdastaðir	15.00%
Reynivellir	3.80%
Sogn	1.20%
Vindás	5.00%
Hækingsdalur	3.60%
Fremri-Háls	1.60%
Írafell	2.95%
Möðruvellir	1.75%

Eyjar:

Af Laxá	1.70%
— Meðalfellsvatni	3.65%
— Sandsá	0.50%

5.85%

Þorláksstaðir	1.40%
Hurðarbak	1.20%

Meðalfell:

Af Laxá	2.00%
— Bugðu	6.70%
— Meðalfellsvatni	4.65%

13.35%